

Alþingi
Erindi nr. Þ 138/1267
komudagur 16.3.2010



Nefndasvið Alþingis
Kristjana Benediktsdóttir
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík

Reykjavík, 15. mars 2010
Tilvísun: 2010030040/90.12
HrH/BH
Tilv. ykkar: Tölvupóstur 11.03.2010

Efni: Þskj. 477 - 333. mál. Frumvarp til laga um breytingu á lögum um olúgjald og kílómetragjald, nr. 87/2004, með síðari breytingum.

Með tölvupósti dags. 11.03.2010 er óskað eftir umsögn Vegagerðarinnar um ofangreint erindi.

Frumvarpið fjallar um að endurgreiða 50% af olúgjaldi til allra þeirra sem stunda flutningastarfsemi í atvinnuskyni hvort sem hún er í eigin þágu eða seld öðrum.

Olúgjaldið er markaður tekjustofn til vegagerðar.

Ljóst er að hér er átt við mjög stóran hluta greiðenda olúgjaldsins og þar að auki stærstu greiðendurna. Ekki er í frumvarpinu lagt mat á hvað þessar breytingar muni kosta ríkissjóð, en gert er ráð fyrir að vegasjóði verði bættur þessi tekjumissir með framlögum úr ríkissjóði.

Olúgjaldið á að skila 6,2 milljörðum króna á árinu 2010 og gróft má reikna að hér sé um 1 - 2 milljarða að ræða. Í frumvarpinu er bent á að til að bæta ríkissjóði þetta tekjutap þurfi að skera niður útgjöld á móti eða hækka skatta.

Allar undanþágur eða endurgreiðslur í skattkerfum eru óæskilegar. Þær eru yfirleitt erfiðar og dýrar í framkvæmd. Hér er líklega um hátt á annan tug þúsunda ökutækja að ræða þannig að umfangið er mikið.

Í fjöldamörg ár hafa markaðar tekjur til vegagerðar staðið undir stærstum hluta framkvæmda í vegamálum hér á landi og litið hefur verið á, að eðlilegt sé að notendur veganna greiði fyrir uppbyggingu og viðhald þeirra. Stórir og þungir flutningabílar slíta vegunum langmest allra og Vegagerðin telur ekki eðlilegt að þeir séu á sérkjörum hvað gjaldtöku viðkemur.

Ef styrkja þarf flutningaþjónustu á Íslandi er eðlilegra að gera það með öðrum hætti.

Virðingarfyllst,

Hreinn Haraldsson,
vegamálastjóri